

Bann við mismunun: Jafnræðisreglan, leiðbeiningarskyldan og staða barna

Ingi B. Poulsen hdl.
Umboðsmaður borgarbúa

Efni fyrirlesturs

- 2. gr. Barnasáttmálans - Jafnræðisregla sem kveður á um bann við mismunun
- Leiðbeiningarskyldan sem tæki til að tryggja jafnræði og koma í veg fyrir mismunun
- Starf umboðsmanns borgarbúa - Nýtt úrræði innan Reykjavíkurborgar til að tryggja réttarvernd borgarbúa

Jafnræðisreglur og bann við mismunun

2. gr. Barnasáttmálans

- 1. Aðildarríki skulu **virða** og **tryggja hverju barni** innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, **án mismununar af nokkru tagi**, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, **tungu**, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, **þjóðháttá** eða félagslegrar stöðu, eigna, **fötlunar, ætternis** eða annarra aðstæðna þess **eða foreldris þess eða lögráðamanns**.
- 2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni **sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra**.

Hvað er mismunun?

- „Hvers konar aðgreining, útilokun, takmörkun eða forréttindi hvaða einstaklings sem er á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna sem hefur þau markmið eða áhrif að koma í veg fyrir, hindra eða skerða að einstaklingur fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt öllum réttindum og frelsi til jafns við aðra“
- **Mannréttindanefnd SP**

Til að einfalda hlutina:

- Sambærileg tilvik fá ólíka meðferð
 - = ójöfn staða
- Ólík tilvik fá sambærilega meðferð
 - = ójöfn staða
- NEMA:
- Hlutlægar og málefnalegar ástæður að baki
 - Hvaða sjónarmið eru málefnaleg?
- Stefnt að lögmætu markmiði
- Eðlilegt samræmi á milli markmiðs og aðferða
 - þ.e. meðalhóf

Áskoranir í tengslum við mismunun í þjónustu og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar

- Almenn staða barna innflytjenda
 - Hætta á að þessi börn hafi veikara stuðningsnet sem getur haft bein áhrif á þá þjónustu sem þau njóta
 - Sérstök álitaefni í barnaverndarstarfi
 - Krafa um menningarnæma nálgun í stjórnsýslu og þjónustu við börn innflytjenda
- Krafa um skráningu/kennitölu getur komið í veg fyrir þjónustu
- Þjónusta við fötluð börn
- Gjaldtaka kann að mismuna börnum
- Innheimtuaðgerðir vegna leikskólagjalda

Leiðbeiningarskylda

7. gr. stjórnsýslulaga og óskráð regla sama efnis

- Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.
- Getur verið baráttutæki gegn mismunun
- Sérstök og rík leiðbeiningarskylda gagnvart tilgreindum hópum, svo sem börnum innflytjenda

Leiðbeiningarskyldan

- Í leiðbeiningarskyldunni felst skyldan til að leiðbeina þeim, sem eru aðilar máls, þar sem fyrirhugað er að taka ákvörðun um rétt eða skyldu þeirra, svo og þeim sem leita til stjórnvalda til að afla upplýsinga til undirbúnings slíkra mála.
- Í leiðbeiningarskyldu stjórnvalda ekki aðeins skylda til að svara fyrirspurnum aðila heldur líka skylda til að stjórnvöld til þess að leiðbeina aðilum að eigin frumkvæði.
- Víðtækara gildissvið hinnar óskráðu meginreglu.

Um hvað ber að leiðbeina?

- Mál sem snerta starfssvið stjórnvalds
- Leiðbeiningar um réttarheimildir sem reynir á
- Málsaðili á raunhæfan möguleika á að fá sérstök réttindi
- Gjaldtökuheimildir
- Allar reglur sem gilda um málsmeðferð
- Formkröfur til erinda
- Nauðsynleg aðstoð
- Aðstoð túlks

Umboðsmaður borgarbúa

Umboðsmaður borgarbúa

- Sjálfstæður og óháður ráðgjafi borgarbúa
- Tilgangurinn er að stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í tengslum við stjórnarsýsluframkvæmd og þjónustu Reykjavíkurborgar.
- Hlutverk umboðsmanns borgarbúa er að hafa eftirlit með stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og tryggja rétt borgarbúa gagnvart Reykjavíkurborg.
- Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnarsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnarsýsluhætti.

Verkefni UBB



Veita borgarbúum leiðbeiningar, ráðgjöf og álit



Taka mál til athugunar að eigin frumkvæði



Taka á móti, rannsaka og koma á framfæri upplýsingum frá starfsmönnum um misbresti o.fl.



Fræðsla og ráðgjöf innan kerfis



www.umbodsmadurborgarhua.is